



Bæjarstjórn Reykjanessbæjar
b/t Kjartans Más Kjartanssonar bæjarstjóra
Tjarnargötu 12
230 Reykjanessbæ

Reykjanessbæ, 22. febrúar 2024

Stjórn HS Veitna hf. hefur ákveðið að boða til aðalfundar félagsins miðvikudaginn 13. mars 2024 á Brekkustíg 36, Reykjanessbæ og hefst hann kl. 16.00.

Dagskrá fundarins er þannig, samanber 13. gr. samþykkta félagsins:

1. Fundarsetning; Jóhann Friðrik Friðriksson, stjórnarformaður.
2. Kjör fundarstjóra og fundarritara.
3. Stjórn félagsins skýrir frá hag félagsins og rekstri þess á næstliðnu starfsári.
4. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagður fram til samþykkta félagsins ásamt skýrslu endurskoðenda og tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu og um arðgreiðslur og framlög í varasjóð.
5. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
6. Tekin ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
7. Breytingar á samþykktum félagsins sbr. 22. grein samþykkta félagsins.
8. Kosning stjórnar félagsins sbr. 16. grein.
9. Kosning endurskoðenda sbr. 21. grein.
10. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

*Athygli er vakin á því að í 63. gr. a. hlutafélagalaga er ákvæði um að "tilkynna skuli skriflega **skemmt fimm dögum fyrir hluthafafund**, þar sem kjósa á félagsstjórn, um framboð til stjórnar í hlutafélagi sem ber skylda til að kjósa sér endurskoðanda skv. 1.-3. mgr. 98. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga. Í tilkynningu um framboð til stjórnar skuli geta auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfangs, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félagini. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félagini."*

Jafnframt er vakin athygli á lögum um kynjahlutföll og að þar sem aðalmenn eru fjórir af öðru hvoru kyni þá verði einn varamaður af þremur af því kyni.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

F.h. stjórnar HS Veitna hf.

Páll Erland
forstjóri